

36 lengur en 15 — fimtán — ár frá því að safnaðarmenn hafa komið upp kirkju-
17. apríl garði hjá sjer.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

37 **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um**
27. apríl **skifting Ísafjarðarsóknar í 2 sóknir, Ísafjarðarsókn og Hnífsdalssókn.**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun hjeraðsfundar Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 10. f. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að núverandi Ísafjarðarsókn í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skiftist í 2 sóknir, Ísafjarðarsókn og Hnífsdalssókn, með þeim ákvæðum :

A ð væntanleg Hnífsdalssókn nái yfir þann hluta Eyrarhrepps, sem telst til bygðarinnar Hnífsdals.

A ð sóknarskiftingin fari fram þá er sjerstakur prestur hefir verið skipaður í hið væntanlega nýja Bolungarvíkurprestakall.

A ð sjerstök kirkja verði reist fyrir hina nýju Hnífsdalssókn jafnskjótt og því verður viðkomið, og verði hún þriðjungakirkja frá Ísafirði, en þangað til skuli, frá því er sóknarskiftingin hefir farið fram, messur fluttar í skólahúsinu úti þar þriðja hvern helgan dag.

A ð sjerstakur sóknargrafreitur verði tekinn upp úti í dalnum og frá honum gengið svo sem lög mæla fyrir, en væntanlegur Hnífsdalssófnuður beri allan kostnað af upptöku hans og sje hinsvegar frá sama tíma laus við allar skyldur til hluttöku í kostnaðinum af viðhaldi hins gamla grafreits Ísafjarðarsóknar, og loks

A ð þá er byrjað verður á kirkjusmíði í Hnífsdal, skuli sjóði Ísafjarðarkirkju skift milli sóknanna hlutfallslega eftir tölu gjaldskyldra manna næstliðin 5 ár, enda geri sóknarnefnd væntanlegrar Hnífsdalssóknar engar frekari kröfur til eigna Ísafjarðarkirkju.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.